



Reglur Suðurnesjabæjar um inntöku barna í leikskóla.

I. Umsókn

1. Sótt er um leikskóladvöl á heimasíðu leikskóla eða hjá leikskólastjóra.
2. Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er lögheimili í Suðurnesjabæ.
Foreldrar/ forsjáraðilar sem hyggjast flytja í sveitarfélagið geta sótt um leikskóladvöl en barn fær ekki úthlutað leikskólaplássi fyrr en lögheimili hefur verið flutt og skulu foreldrar/forsjáraðilar tilkynna leikskólastjóra sérstaklega um lög- heimilisflutninginn.
3. Ef sótt er um dvöl fyrir barn í leikskóla sem ekki á lögheimili í Suðurnesjabæ skal liggja fyrir samþykki lögheimilissveitarfélags barnsins um greiðslu kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga.
4. Leikskólastjóri metur hvort barn verður tekið inn með hliðsjón af ákvæðum III. kafla.

II. Meðhöndlun umsóknar

1. Leikskólastjóri í viðkomandi leikskóla úthlutar leikskóladvöl í samræmi við reglur þessar. Skólastjóri metur að öðru leyti hversu oft tekið er inn í skóla út frá biðlistum og rými hverju sinni.
2. Almennt er miðað við 18 mánaða aldur við mat á umsóknum.
3. Þegar barni er úthlutað leikskóladvöl skal umsækjanda send tilkynning þar um. Í kjölfarið er foreldrum/forsjáraðilum boðin kynning um starfshætti og stefnu leikskólans. Aðrar upplýsingar s.s. almennar leiðbeiningar um leikskóladvöl og aðlögun eru veittar í foreldraviðtali við deildarstjóra.

III. Reglur um úthlutun leikskóladvalar

1. Foreldrar/forsjáraðilar geta sótt um leikskóladvöl fyrir börn sín í hvaða leikskóla sem er í Suðurnesjabæ. Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst. Að öðru leyti ræðst röðin af því hvenær umsóknir berast og í hvaða hverfi sveitarfélagsins lögheimili er. Þannig hefur umsókn barns sem á lögheimili í hverfi viðkomandi leikskóla forgang yfir umsóknir vegna barna í öðrum hverfum sveitarfélagsins. Þegar barn hefur leikskólagöngu er gerður dvalarsamningur sem undirritaður er af foreldri/forsjáraðila og leikskólastjóra.



Suðurnesjabær - Innritun barna í leikskóla

2. Inntaka barna er háð því skilyrði að foreldrar/forsjáraðili séu ekki í vanskilum í öðrum starfandi leikskólum sveitarfélagsins.
3. Eftirtaldir hópar hafa forgang fram yfir önnur börn frá 18 mánaða aldri:
 - a. Fötlun barns eða alvarleg þroskafrávik og/eða alvarleg veikindi eða fötlun í fjölskyldu barnsins. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðilum fylgi umsókn.
 - b. Börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður samkvæmt mati félagsþjónustu.

Umsókn um forgang ásamt fylgiskjölum skal skila til fjölskyldusviðs Suðurnesjabæjar.

IV. Flýting

1. Heimilt er að flýta inntöku barns á leikskóla þegar það er fullra 18 mánaða í öðru hvoru eftirgreindra tilvika ef aðstæður á leikskóla leyfa:
 - a. Barnið glímir við alvarlega fötlun. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn þar sem tekið er fram að inntaka barnsins á leikskóla sé brýn fyrir hagsmuni þess.
 - b. Barnið býr við mjög erfiðar heimilisaðstæður og ekki er unnt að vista barnið hjá dagmóður. Greinargerð frá starfsmanni fjölskyldusviðs Suðurnesjabæjar skal fylgja umsókn þar sem tekið er fram að inntaka barnsins á leikskóla sé brýn fyrir hagsmuni þess.

V. Breytingar á dvalartíma og uppsögn

1. Foreldrar/forsjáraðilar geta óskað eftir breytingu á vistunartíma barns samkvæmt reglum viðkomandi leikskóla á þar til gerðum eyðublöðum. Ef unnt er að verða við óskinni taka breytingarnar gildi 1. eða 15. hvers mánaðar.
2. Uppsögn leikskóladvallar skal vera skrifleg og undirrituð af foreldri/forsjáraðila á þar til gerðu eyðublaði. Uppsagnarfrestur er einn mánuður og skal miða uppsögn við 1. eða 15. hvers mánaðar.
3. Heimilt er að segja upp leikskóladvöl vegna vangoldinna gjalda sbr. VI. grein. Skólastjóri/rekstraraðili fer með þessa heimild sveitarfélagsins.

VI. Um opnunartíma, dvalartíma og skyldur forsjáraðila



Suðurnesjabær - Innritun barna í leikskóla

1. Fræðsluráð skal gera tillögu að opnunartíma hvers leikskóla að höfðu samráði við leikskólastjóra. Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar ákveður opnunartíma leikskóla að fengnum tillögum frá fræðsluráði
2. Hámarksdvalartími barns:
 - a. Í leikskólanum Gefnarborg: 8 klst. og 30 mín. á dag. Frá kl. 07:45 - 16:15
 - b. Í leikskólanum Sólborg: 8 klst. og 45 mín. á dag Frá kl. 7:45-16:30
3. Leikskóladvöl skal miðast við þann tímafjölda sem fram kemur í dvalarsamningi.
4. Foreldri/forsjáraðila er skylt að virða þann tíma sem barni er úthlutað. Miðast það við að barn komi eða sé sótt á þeim tíma sem fram kemur í dvalarsamningi.
5. Komi foreldri/forsjáraðili ítrekað of seint að sækja barn sitt miðað við skilgreindan dvalartíma skal viðkomandi fá skriflega viðvörðun. Komi það fyrir á ný skal greiða fyrir það samkvæmt gjaldskrá.

VII. Reglur um gjaldtöku og innheimtu

1. Bæjarstjórn ákveður gjaldskrá leikskólagjalda ár hvert og skal það tilkynnt leikskólastjórum og foreldrum/forsjáraðilum með mánaðar fyrirvara.
2. Leikskólagjöld og fæðisgjald skulu felld niður ef börn eru fjarverandi í einn mánuð eða lengur vegna veikinda barns, ef veikindavottorð liggur fyrir.
3. Leikskólagjöld greiðast fyrirfram og er gjalddagi þeirra 5. hvers mánaðar. Vanskil fara í farveg rekstraraðila um slík mál. Verði vanskil meir en 3 mánuðir er foreldrum/forsjáraðilum gerð grein fyrir því að barnið muni missa pláss sitt í leikskólanum eftir 10 daga verði ekki þegar gripið til úrbóta.
4. Leikskólarnir eru lokaðir 5 daga á ári vegna símenntunar og skipulagsdaga og dregst það ekki frá leikskólagjaldi.

Skólar þurfa að leggja fram rökstudda beiðni til bæjarstjórnar um frávík frá þessari viðmiðun.